

Föstudaginn 27. nóvember 1964.

Nr. 104/1963. **Helgi Benediktsson f. h. eigenda v/s Hringvers, VE 393** (Jón Hjaltason hrl.)

gegn

Péttri Sigurðssyni f. h. Landhelgisgæzlu Íslands og skipshafnar á v/s Maríu Júlíu og gagnsök (Ingólfur Jónsson hrl.).

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús P. Torfason.

Björgun. Eigandi skips sýknaður af kröfu um laun fyrir björgun þess, þar sem skipið hafði farizt, áður en dómur gekk í Hæstarétti, og trygging fyrir greiðslu björgunarlauna hafði eigi verið sett af hendi eigandans, sbr. 229., 236. og 238. gr. laga nr. 56/1914 og 54. gr. laga nr. 20/1954.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 15. ágúst 1963, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, útgefni 26. ágúst 1963 og birtri 10. september s. á. Gerir hann þessar kröfur:

Aðalkrafa: Að honum verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaður úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi.

Varakrafa: Að hjálp sú, sem v/s María Júlía veitti v/s Hringver hinn 7. nóvember 1960 verði metin aðstoð og gagnáfrýjanda aðeins dæmd hæfileg þóknun fyrir aðstoðina eftir mati Hæstaréttar. Þá krefst aðaláfrýjandi, að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 13. september 1963. Eru kröfur hans þessar:

Aðalkrafa: Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum hjarglaun og skaðabætur, kr. 280.000.00, ásamt 9% ársvöxtum frá 8. nóvember 1960 til 29. desember 1960 og 7%

ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Varakrafa: Að héraðsdómur verði staðfestur og að aðaláfrýjanda verði gert að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Þegar v/s María Júlía kom v/s Hringver til hjálpar, svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, hafði ekki nýtt af skráfu v/s Hringvers í 7—8 klst. Eins og atvikum var hátt-að, verður ekki gert ráð fyrir því, að v/s Hringver hefði náð höfn eða öruggu lægi hjálparlaust. Var báturinn því staddur í hættu, og ber að telja hjálp þá, sem v/s María Júlía veitti honum, björgun í merkingu X. kafla siglinga-laga nr. 56/1914, sem þá voru í gildi.

Samkvæmt 1. málsg. 229. gr. laga nr. 56/1914 var ábyrgð aðaláfrýjanda á bjarglaunum takmörkuð við verðmæti þau, sem bjargað var. Skiptir ekki máli um það, þó að v/s Mariu Júlíu hafi borizt hjálparbeiðni frá útgerðarfyrirtæki aðaláfrýjanda, en ekki frá skipstjórnarmönnum v/s Hringvers. Krafa til bjarglauna var tryggð með sjóveðrétti í v/s Hring-ver samkvæmt 1. tölulið 236. gr. laga nr. 56/1914.

Fyrir Hæstarétti hefur það komið fram, að v/s Hringver fórst hinn 13. janúar 1964. Ónýttist þá sjóveð það í bát-nu, sem dæmt hafði verið með héraðsdómi. Báturinn var váttryggður hjá Samvinnutryggingum, en ekki öðlaðist gagn-áfrýjandi rétt til váttryggingarfjárins eftir ákvæðum laga, sbr. 2. málslíð 238. gr. laga nr. 56/1914 og 2. málslíð 1. málsg. 54. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 20/1954.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram bréf Samvinnutrygg-inga, dags. 19. nóvember 1964, til lögmanns gagnáfrýjanda, og er það á þessa leið:

„Vér viljum hér með staðfesta, að þann 8. nóvember 1960 tókum vér að oss sem váttryggjendur, með símtali við yður, að ábyrgjast Landhelgisgæzlu Íslands greiðslu þóknunar fyrir hjálp v/s „Mariu Júlíu“ við m/s „Hringver“, VE 393, 6. og 7. nóvember 1960, eins og hún kynni að verða ákveðin með samkomulagi eða dómi.

Eins og yður er kunnugt, var skipið sem slíkt tryggt hjá oss, en hvorki veiðarfæri né annað, og tekur því fyrrnefnd ábyrgð vor aðeins til hluta skipsins í umræddri þóknun.“

Aðaláfrýjandi hefur í málflutningi fyrir Hæstarétti lýst yfir því, að hann hafi aldrei verið krafinn um tryggingu vegna hjálpar þeirrar, sem v/s María Júlía veitti v/s Hringver, og að trygging hafi ekki verið sett að hans beiðni. Lagt hefur verið fram í Hæstarétti bréf Samvinnutrygginga til lögmanns aðaláfrýjanda, dags. 24. nóvember 1964. Segist vátryggingarfélagið ekki geta fullyrt, að framangreind trygging, er það lét gagnáfrýjanda í té, hafi verið sett eftir fyrirmælum frá aðaláfrýjanda. Samkvæmt því, sem hér var rakið, eru ekki fram kominn gögn fyrir því, að tryggingin hafi verið sett að fyrirlagi aðaláfrýjanda. En um lögskipti gagnáfrýjanda og Samvinnutrygginga verður ekki dæmt í máli þessu.

Aðaláfrýjandi hefur lýst því, að hann taki ekki persónulega ábyrgð á kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu. Og þar sem ekki er lengur fyrir hendi sú eina eign, þ. e. v/s Hringver, sem eftir kröfugerð gagnáfrýjanda gat orðið aðfararandlag samkvæmt dómi á hendur aðaláfrýjanda, þá ber að sýkna hann af bjarglaunakröfu gagnáfrýjanda.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Helgi Benediktsson f. h. eigenda v/s Hringvers, VE 393, skal vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Péturs Sigurðssonar f. h. Landhelgisgæzlu Íslands og skipshafnar á v/s Mariu Júlíu í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 30. nóvember 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. þ. m., hefur Pétur Sigurðsson forstjóri höfðað fyrir hönd Landhelgisgæzlu Íslands og skips-

hafnar v/s Maríu Júlíu fyrir sjó- og verzlunaradómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 26. október 1961, gegn Helga Benedikts-syni, fyrir hönd eigenda m/s Hringvers, VE 393, til greiðslu björgunarlauna og skaðabóta, samtals að fjárhæð kr. 280.000.00, með 10% ársvöxtum frá 8. nóvember til 29. desember 1960 og með 8% ársvöxtum frá 30. desember 1960 til greiðsludags og málskostnaðar, þar á meðal útlagðs kostnaðar, kr. 1250.00, vegna sjóprófa, eftir mati réttarins. Þá hafa stefnendur krafizt sjóveð-réttar í m/s Hringver, VE 393, til tryggingar kröfum sínum.

Stefndi hefur krafizt lækkunar á stefnukröfunum og að máls-kostnaður verði látinn niður falla.

Samvinnutryggingum, vátryggjanda m/s Hringvers, VE 393, hefur verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu. Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og hann hefur engar sjálfstæðar kröfur gert.

Málavextir eru þessir:

Kl. 1730, sunnudaginn 6. nóvember 1960, hélt m/s Hringver, VE 393, úr höfn í Vestmannaeyjum, en skipið var á síldveiðum með herpinót. Var í fyrstu leitað að síldarlóðningum á víkinni og austur undir Bjarnarey, en ekkert fannst. Hélt báturinn síðan lengra, og var kastað, er báturinn var staddur 285°, 20 sjómíl-ur frá Faxe, en við snurpingu festist nótin í skráfunni. Sam-kvæmt dagbók m/s Hringvers var nótin síðan hífð inn, nema buska sú, sem var í skráfunni. Í dagbókinni segir enn fremur, að ákveðið hafi verið að hífa nótina ekki úr með spilkraftinum, þar sem að þá mundi rifna miklu meira en komið var, og því ákveðið að fá einhvern til að draga skipið í land, svo að kafari gæti losað nótina. Kl. 2320 hafði skipstjórinn á m/s Hringver talsamband við Vestmannaeyjaradíó og spurðist fyrir um varð-skip við Eyjar, og um sama leyti talar hann við Stefán Helga-son útgerðarstjóra og spyr, hvort hann geti útvegað bát til að draga Hringver í land. Fyrirspurn skipstjórans var komið á fram-færi, og náðist samband við v/s Maríu Júlíu, sem var statt þenna dag út af Kirkjuvogi. Kallaði v/s María Júlía m/s Hringver upp og kvaðst geta verið hjá honum eftir 7 tíma og spurði, hvort það væri í lagi, og kvað skipstjórinn á m/s Hringver svo vera. Segir í skýrslu skipherra á v/s Maríu Júlíu, að kl. 2339 hafi verið haldið bátnum til aðstoðar, og hafi verið komið að m/s Hringver mánudaginn 7. nóvember, kl. 0640, sem þá hafi verið statt um það bil réttvísandi 278° frá Þrídröngum í um 14 sjó-mílna fjarlægð. Var síðan komið fyrir dráttartaug á milli skip-

anna og haldið af stað til Vestmannaeyja. Kl. 0648 slitnaði sabbi í dráttartauginni, en kl. 0720 var aftur lokið við að koma dráttartaug á milli skipanna og haldið áfram til Vestmannaeyja. Við dráttinn voru notaðir 200 faðmar af 3" stálvír, 8 faðmar af tvöföldum 4" Nylon-sabba og 20 faðmar af 2¾ vírlegg. Kl. 1400 var komið á ytri höfnina í Vestmannaeyjum og stytt þar í dráttarfestunum. Skilaði v/s María Júlía m/s Hringver að bryggju í Vestmannaeyjum kl. 1418. Var kafari fenginn samdægurs til að losa nótina úr skrúfunni.

1. stýrimaður v/s Maríu Júlíu skýrir svo frá, að þegar komið hafi verið að m/s Hringver, hafi nótin verið í skrúfu skipsins, og hafi hann séð hluta af nótinni, sem hafi legið frá lunningu niður í skrúfu. Þá skýrir skipherrann á varðskipinu svo frá, að meðan á hjálp varðskipins til handa m/s Hringver hafi staðið, hafi veður verið SA og 5—6, súld og talsverður sjór.

Skipstjórinn á m/s Hringver skýrir svo frá búnaði bátsins, að um borð hafi verið fokka, stórsegl og aftursegl, og hafi segl þessi verið gerð fyrir bátinn. Hann skýrir enn fremur svo frá, að skrúfuhnífur hafi verið um borð og einnig léttbátur með 33 hestafla Listervél. Telur skipstjórinn, að enginn vandi hefði verið að sigla bátnum til hafnar, ef út í það hefði farið. Segir skipstjóri, að auðvelt hefði verið að ná nótinni úr skrúfunni með spilkrafti og hnífnum, en það hefði að sjálfsögðu valdið meiri skemmdum á nótinni. Skipstjórinn kveðst ekki geta sagt um það, hvort unnt hefði verið að koma bátnum til hafnar á seglum, þar sem hann hafi aldrei notað seglin, þó geri hann ráð fyrir því, þar eð seglin hafi verið gerð fyrir bátinn. Skipstjórinn kveðst viss um, að með því að nota léttbátinn og seglin hefði verið auðvelt, eins og veðri var farið, að koma bátnum til Grindavíkur, þótt skrúfan hefði ekki verið hreinsuð. Skipstjórinn segir, að stýri m/s Hringvers hafi verið laust, og vel hefði verið hægt að stýra bátnum. Hefði maður verið við stýrið allan tímann, á meðan á drætti stóð. Þá tekur skipstjórinn fram, að vélspil og öll önnur tæki um borð hafi verið í lagi.

Stýrimaðurinn á m/s Hringver segist álíta, að þeir hefðu komizt til lands af eigin rammleik, ef þeir hefðu tekið til þess ráðs að skera nótina úr skrúfunni. Hann kvaðst þó hafa latt þess, að það yrði gert, vegna þess að það hefði valdið meiri skemmdum á nótinni en orðið var. Þá kveðst hann reikna með því, að unnt hefði verið að bjarga bátnum til hafnar með því að nota léttbátinn og segl bátsins, þótt skrúfan hefði ekki verið hreins-

uð. Hann segir, að stýrið hafi í fyrstunni, eftir að nótin fór í skrúfuna, ekki komizt alveg í borð, en er þeir höfðu dregið inn nótina, eins og kostur hafi verið á, hafi það verið laust. Hann skýrir enn fremur svo frá, að sjór hafi verið mikið til sléttur, er nótin fór í skrúfuna, og vindur ekki meiri en 2 vindstig.

Fyrsti vélstjóri á m/s Hringver kveðst álíta, að þeir hefðu getað hreinsað skrúfuna bæði með því að skera úr henni með skrúfuhníf og með því að nota spilið, sem sé 5 tonna spil á einföldu átaki, en hægt sé að margfalda aflið. Enn fremur kveðst hann álíta, að þótt ekki hefði verið skorið úr skrúfunni, hefði verið unnt að sigla skipinu til hafnar á seglum og með því að nota léttbátinn, sem sé með 33 hestafla vél. Loks skýrir vélstjórinn svo frá, að ágætisveður hafi verið, er nótin fór í skrúfuna, og sama og engin alda. Kafari sá, sem losaði nótina úr skrúfu m/s Hringvers, skýrir svo frá m. a., að hann hafi hreinsað skrúfuna á m/s Hringver, og hafi það ekki tekið langan tíma, hálf-tíma til 40 mínútur, og hafi hann kafað aðeins einu sinni. Hann kveðst ekki treysta sér til að segja um, hvort unnt hefði verið að hreinsa skrúfuna úti á hafi með þeim tækjum, sem Hringver hafi haft yfir að ráða, en kveðst þó álíta, að það hefði alls ekki verið útilokað, að unnt hefði verið að rífa það mikið úr skrúfunni með spilinu og skrúfuhníf, að hægt hefði verið að nota skrúfuna og komast til hafnar með vélarkrafti. Hann segir, að korkateinninn hafi legið yfir um skrúfuna aðeins fyrir framan blöðin, en blýteinninn hafi ekki verið neins staðar nálægt. Annar bugur af korkteini hafi legið frá stýri og niður með skut skipsins og undir kjöl. Kveðst hann hafa skorið þenna korktein í sundur, er hann hafi hreinsað skrúfuna.

Stefnendur styðja kröfur sínar þeim rökum, að hjálp v/s Maríu Júlíu m/s Hringver til handa, hafi verið björgun í skilningi siglingalaga nr. 56/1914. Telja þeir eigi neinum vafa bundið, að m/s Hringver hafi verið í hættu statt í umrætt skipti, þar sem það hafi fengið nót í skrúfuna og ekki getað haft nein not vélar sinnar, en veður farið versnandi. Telja stefnendur, að eins og aðstæður hafi allar verið, hafi skipshöfnin á m/s Hringver enga möguleika haft á því að hreinsa skrúfuna og gera skipið gangfært aftur. Þá hafi verið útilokað, eins og sjó og vindstöðu hafi verið háttað, að koma hefði mátt skipinu til hafnar á seglum eða með aðstoð léttbátsins, enda hafi engin tilraun verið til þess gerð, þótt langur tími hafi liðið, frá því að nótin festist í skrúfunni og þangað til varðskipið hafi verið komið á vettvang.

Stefnendur sundurliða kröfur sínar þannig, að kr. 6.888.00 séu bætur vegna nælontrossu, sem eyðilagzt hafi við dráttinn, en kr. 273.112.00 séu björgunarlaun. Telja þeir síðarnefnda fjárhæð hæfileg laun sér til handa fyrir björgunina, þegar litið sé til verðmætis hins bjargaða og annarra atvika. Telja þeir, að til grundvallar ákvörðun björgunarlauna beri að leggja váttryggingarfjárhæð m/s Hringvers, kr. 4.000.000.00, og verðmæti veiðarfæra skipsins, sem telja megi, að hafi verið kr. 500.000.00.

Þá telja stefnendur, að við ákvörðun björgunarlauna verði að taka tillit til þess, að björgunarskipið hafi verið lagt í nokkru meiri hættu en venjulega, þar sem dráttartaugin hafi slitnað, og því verið hætt á, að endar hennar myndu lenda í skrófu varðskipsins.

Stefndi reisir kröfur sínar á því, að hjálp v/s Maríu Júlíu til handa m/s Hringver hafi í umrætt skipti eigi verið björgun, heldur einungis aðstoð, sem hafi verið svo óveruleg, að fyrir hana beri stefnendum aðeins smávægileg þóknun. Bendir stefndi á, að veður hafi verið dágott, er nót m/s Hringvers fór í skrófunna, SA og S, 5—6 vindstig, og dálítill sjór. Miðað við þessar aðstæður, telur stefndi, að auðvelt hefði verið fyrir skipshöfnina á m/s Hringver að koma skipinu til hafnar. Í fyrsta lagi hefði skipshöfnin getað náð nótinni úr skrófunni með spilkrafti og hnífum. Það hafi hins vegar ekki verið gert, vegna þess að skipstjórinn hafi viljað forða skemmdum á nótinni. Auk þess hafi verið möguleiki á að sigla skipinu til hafnar með nótina í skrófunni. Í öðru lagi hafi verið nægur seglaútbúnaður um borð í skipinu til að sigla því til hafnar. Hafi í skipinu verið fokka, stórsegl og aftursegl. Hafi segl þessi öll verið gerð fyrir skipið, og hljóti því að liggja í augum uppi, að auðvelt hefði verið að grípa til þeirra, ef einhver hætta hefði verið á ferðum. Þá hefði loks mátt hafa not af léttbáti, sem verið hafi um borð í skipinu. Enn fremur hafi verið um borð 3 akkeri, sem hafi verið nægileg legufæri, ef til þeirra hefði þurft að grípa. Telur stefndi, að þegar atriði þessi eru höfð í huga, hljóti að vera ljóst, að aðeins hafi verið um aðstoð að ræða, en ekki björgun í merkingu siglingalaganna.

Stefndi telur, að verðmæti m/s Hringvers sé mun lægra heldur en tryggingarfjárhæð þess, en mótmælir ekki, að verðmæti veiðarfæra sé of hátt áætlað kr. 500.000.00. Þá telur stefndi, að taka verði tillit til þess, að veður hafi verið allgott, þegar aðstoð varðskipsins Maríu Júlíu hafi verið framkvæmd og hvorki varð-

skipið né skipshöfn þess verið lögð í neina hættu. Þá hafi varðskipið sjálft eigi orðið fyrir neinum skemmdum og búnaður þess fyrir mjög litlum skemmdum, sem stefndi telur sjálfsagt að bæta. Loks hafi aðstoðin gengið greiðlega og aðeins tekið stuttan tíma.

Að því er málskostnað⁶ varðar, telur stefndi eðlilegt, að hann verði látinn niður falla, ef dómurinn fallist á það sjónarmið, að aðeins hafi verið um tiltölulega smávægilega aðstoð að ræða.

Af gögnum málsins má ráða, að veður og sjólag hafi verið gott á síðari hluta sunnudagsins 6. nóvember og haldizt a.m.k. sæmilegt næsta dag. Þá er upplýst, að m/s Hringver hafi góð legufæri um borð. Þegar litið er til þessa og annarra aðstæðna verður eigi talið, að m/s Hringver hafi verið statt í yfirvofandi hættu, þegar varðskipið kom því til hjálpar. Hinir sérfróðu meðdómsmenn telja hins vegar vafasamt, að takast hefði mátt að losa nótina úr skráfunni á sjó úti, og allsendis óvíst, hver árangur eða afleiðingar hefðu orðið af því, ef reynt hefði verið að setja vélina í samband við skráfu skipsins og sigla því með eigin vélarafli. Þá telja þeir, að útilokað sé, að unnt hafi verið að draga skipið til hafnar með léttbátum. Hinn siglingafróði meðdómsmaður telur, að þegar litið sé til stærðar og gerðar skipsins, verði að telja allsendis óvíst, hvort eða hvenær skipið hefði getað náð til hafnar á þeim seglum, sem það hafði.

Með hliðsjón af því, sem hér að framan hefur verið rakið, verður að telja með öllu óvíst, að m/s Hringver hefði náð til hafnar af eigin rammleik. Dómurinn verður því að líta svo á, að m/s Hringver hafi verið í hættu statt, enda allra veðra von hér við land á þessum árstíma. Ber því að meta hjálp v/s Maríu Júlíu til handa m/s Hringver björgun í skilningi siglingalaga nr. 56/1914.

M/s Hringver er stálskip, 126 brúttórúmllestir að stærð, smíðað árið 1960. Skipið var vátryggt á þeim tíma, er hér skiptir máli, fyrir 4 miljónir króna. Ekkert mat fór fram á skipinu, en þegar litið er til þess, að um nýtt skip var að ræða, verður að fallast á með stefnendum, að rétt sé að leggja vátryggingarfjárhæð þess til grundvallar ákvörðun björgunarlauna. Þá ber að hafa í huga, að samkomulag er með aðiljum um, að verðmæti veiðarfæra sé ekki of hátt áætlað 500 þús. krónur. Á reikningum Landhelgisgæzlu Íslands árið 1960 er v/s María Júlía talið til eignar að fráðreginni fyrningu á 600 þús. krónur, en reksturskostnaður skipsins það ár er talinn kr. 12.052.90 á

hvern starfsdag. Björgunin tókst vel, en var á hinn bóginn auðveld og tók tiltölulega skamman tíma.

Með hliðsjón af því, sem hér að framan hefur verið rakið, og þegar önnur atriði eru virt, sem máli skipta, þykja björgunarlaun til handa stefnendum hæfilega ákveðin kr. 260.000.00. Í upphæð þessari eru innifaldar bætur vegna hinnar eyðilögðu nælontrossu, enda hefur stefndi eigi mótmælt þeim lið í kröfum stefnenda.

Ber stefnda að greiða stefnendum fjárhæð þessa með 9% ársvöxtum frá 8. nóvember 1960 til 29. desember 1960 og með 7% ársvöxtum frá 30. desember 1960 til greiðsludags.

Eftir þessum málsúrslitum ber stefnda að greiða stefnendum málskostnað, er ákveðst kr. 20.000.00.

Stefnendur eiga sjóveðrétt í m/s Hringver, VE 393, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Gaukur Jörundsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum Magnúsi Magnússyni vélfræðiráðunaut og Jónasi Jónassyni skipstóra.

Dómsorð:

Stefndi, Helgi Benediktsson f. h. eigenda m/s Hringvers, VE 393, greiði stefnanda, Pétri Sigurðssyni f. h. Landhelgisgæzlu Íslands og skipshafnarinnar á v/s Maríu Júlíu, kr. 260.000.00 með 9% ársvöxtum frá 8. nóvember 1960 til 29. desember 1960 og með 7% ársvöxtum frá 30. desember 1960 til greiðsludags og kr. 20.000.00 í málskostnað.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/s Hringver, VE 393, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.